# 65. þing Sundsambands Íslands
# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
# 27. apríl 2023

**Þingskjal nr: 2021 - 14**

**65. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 27.apríl 2023**
Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í bláu*)
Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengd þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

| | |
|---|---|
| **6. grein**<br>Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:<br>a) Stjórn SSÍ<br>b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ<br>c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ<br>d) Fulltrúi menntamálaráðherra (íþróttafulltrúi ríkisins)<br>e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS)<br>f) Einn fulltrúi Sunddómarafélags Íslands (SDÍ)<br>g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara<br>h) Formenn sérráða innan SSÍ<br>i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.<br><br>Aðeins sá sem er í sundfélagi innan héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á sundþing. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þó getur meirihluti þingfulltrúa heimilað að fulltrúi fari með, ef sérstakar aðstæður krefjast, fleiri en eitt atkvæði þess héraðssambands/íþróttabandalags sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags. Umboð má senda með rafrænu formi til bráðabrigða en skal staðfest með frumriti hið fyrsta. Sérstakar ástæður geta verið ef þing tefst úr hófi miðað við auglýsta dagskrá eða samgöngur raskast verulega.<br>Á þinginu ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær teljist samþykktar. | **6. grein**<br>Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:<br>a) Stjórn SSÍ<br>b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ<br>c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ<br>d) ~~Fulltrúi menntamálaráðherra (íþróttafulltrúi ríkisins)~~<br>Fulltrúi ráðherra íþróttamála<br>~~e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS)~~<br>~~f) Einn fulltrúi Sunddómarafélags Íslands (SDÍ)~~<br>~~g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara~~<br>h) Formenn sérráða innan SSÍ<br>i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.<br><br>Aðeins sá sem er í sundfélagi innan héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á sundþing. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þó getur meirihluti þingfulltrúa heimilað að fulltrúi fari með, ef sérstakar aðstæður krefjast, fleiri en eitt atkvæði þess héraðssambands/íþróttabandalags sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags. Umboð má senda með rafrænu formi til bráðabrigða en skal staðfest með frumriti hið fyrsta. Sérstakar ástæður geta verið ef þing tefst úr hófi miðað við auglýsta dagskrá eða samgöngur raskast verulega.<br>Á þinginu ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær teljist samþykktar. |
| | |

***Greinargerð***

**Í 6.grein** er lagt til að taka út fulltrúa þeirra félaga sem ekki eru starfandi lengur eða hafa skiptu um nafn.   Þetta er fyrst og fremst uppfærsla á lögum.

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar